

hreppur Sigríðar ekki geta komizt undan að greiða kostnað þann, er leiddi af því, að Sigríður gat ekki sjálf útvegað sjer vist eða haft ofan af fyrir sjer á annan hátt, sbr. 8. gr. tilskipunar um lausamenn og húsmenn 26. maí 1863. **149**
9. okt.

Samkvæmt því, sem þannig er tekið fram, og með því að Hofshreppur hefírekkert fundið að upphæð hins áminnzta kostnaðar, eins og hann er úrskurðaður af yður, skal hinn áfrýjaði úrskurður yðar, herra amtmaður, óraskaður standa, og eruð þjer beðnir að tilkynna það hlutaðeigöndum.

— *Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Norðurmúlasýslu um endurgjald á öltolli.* — Í þóknanlegu brjefi frá 2. f. m. hafið þjer, herra sýslumaður, farið þess á leit, að jeg samþykki, að tollur verði endurgoldinn hlutaðeiganda af 24 pottum af öli, sem lekið hafi úr háltunnu, er 13. f. m. fluttist til landsins með póstskipinu Diönu. **150**
9. okt.

Fyrir því vil jeg leiða þóknanlegt athygli yðar að 3. gr. laga 11. febr. 1876, og þarf samkvæmt henni ekki samþykkis landshöfðingja með til endurgjalds á ofborguðum tolli, ef það verður sannað, að vínföngin hafi farið forgörðum á leiðinni, og áður en þau voru flutt í land. Skilríki þau, sem nauðsynleg eru í þessu tilliti, verðið þjer að leggja fram með reikningi yðar, og mun það undir endurskoðun og úrskurði á honum komið, hvort hið áminnzta endurgjald megi eiga sjer stað.

— *Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Suðurmúlasýslu um póstsendingar hreppstjóra.* — Með því, að settur hreppstjóri í Vallnahrepp, Jón Ólason á Útnyrðingsstöðum, hefir farið þess á leit, að sjer verði endurgoldinn úr landssjóði, kostnaður hans til þjónustupóstmerkja samkvæmt hjálögðu skírteini, vil jeg mælast til þess, að þjer, herra sýslumaður, fáið honum aptur þetta skjal og tjáið honum, að samkvæmt 14. gr. auglýsingar 3. maí 1872 hafa hreppstjórar hvorki heimild til, að nota þjónustumerki nje rjett til að fá þau endurborguð úr landssjóði, en að þeim hins vegar er leyfilegt, að senda embættisbrjef sín og sendingar til sýslumanns ópóstmerkt, ef þeir skrifa utan á sendingarnar; «fyrirskipuð skýrsla» eða «heimtað álit», og eiginhandar nafn sitt undir. **151**
9. okt.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um kirkjutíund í Reykjavík.* — Með því að heyrzt hefir, að kirkjutíund sú, er með lögum frá 27. febr. f. á. var lögð á öll hús í Reykjavíkur lögsagnarumdæmi, hafi enn ekki verið heimt saman, þótt lögin skipi svo fyrir, að gjaldið skuli greitt fjárhaldsmanni dómkirkjunnar fyrir lok hvers reikningsárs í fyrsta sinni 1878—79, og þannig fyrir síðastliðna fardaga, vil jeg hjer með þjónustusamlega mælast til þess við yður, herra amtmaður, að þjer skýrið mjer frá, hvort innheimting þessi hafi farizt fyrir, og ef svo reynist, rannsakið, hverjum þessi vanrækt sje að kenna, og gjörið ráðstöfun til að tafarlaust verði bætt úr henni. **152**
10. okt.